

9. stjórnarfundur Hvanneyrarbúsins ehf. 2018-2019

Haldinn á Hvanneyri, 28. maí 2019, kl. 11.00

Dagskrá:

1. Drög að ársreikningi félagsins fyrir árið 2018. (EG)
2. Greiðsla launauppbótar til fastráðinna starfsmanna félagsins. (BHB)
3. Endurskoðun ráðningarsamninga fastráðinna starfsmanna félagsins. (BHB, PD)
4. Staða rekstrar og framleiðslumála félagsins fyrstu 4 mánuði ársins 2019. (EG)
5. Mörkun rannsóknarstefnu fyrir Hvanneyrarbúið ehf. (BHB, PD, ÓÓG, EG)
6. Önnur mál.

Mætt voru Baldur Helgi Benjamínsson (BHB) formaður, Pétur Diðriksson (PD) meðstjórnandi, Egill Gunnarsson (EG) bústjóri og Ólöf Ósk Guðmundsdóttir (ÓÓG) ritari.

1. Drög að ársreikningi félagsins fyrir árið 2018. (EG)

Egill bústjóri fór yfir drög að ársreikningi fyrir árið 2018. Samkvæmt þeim verður hagnaður fyrir skatta rúmar 5 milljónir á árinu. Tekjur fyrir seldar afurðir hafa aukist frá 2017, aðallega vegna verðhækkana fyrir mjólk. Fóður og áburður hækkuðu sömuleiðis, einnig aðallega vegna verðhækkana. Á efnahagsreikningi sést að töluverðar fjárfestingar urðu í ræktun, en töluverðar framkvæmdir vegna endurræktunar voru síðastliðið haust. Langtímalán hafa lækkað á milli ára og afborganir næsta árs eru sömuleiðis lægri. Þetta kemur aðallega til vegna þess að fullnaðaruppgjóri við fyrrum bústjóra (Grímshaga) er lokið. Langtímaskuldir eru rúmlega 13 milljónir, þar af eru 11 milljónir vegna fjárfestinga félagsins. Til gamans var skoðaður kostnaður við framleiðslu á mjólkurlítranum, breytilegur kostnaður við framleiðslu á mjólk er 36,0 kr/l. Ársreikningurinn er tilbúinn til undirritunar að óbreyttu.

2. Greiðsla launauppbótar til fastráðinna starfsmanna félagsins. (BHB)

Samkvæmt ráðningarsamningi fastráðinna starfsmanna á félagið að greiða þeim launauppbót ef reksturinn skilar hagnaði tvö ár í röð. Samþykkt hefur verið að greiða starfsmönnum uppbót vegna hagnaðar ársins 2016 og 2017. Upphæðin er tilgreind í ársreikningi en hefur ekki verið greidd út. Stjórnarformaður leggur til að gengið verði frá þessari greiðslu í ár, upphæðin

innifelur launauppbótina ásamt launatengdum gjöldum. Stefnt er að því að þessu uppgjöri verði lokið fyrir 15. nóvember 2019. Samþykkt af stjórn.

Fundarhlé til kl. 13.45

3. Endurskoðun ráðningarsamninga fastráðinna starfsmanna félagsins. (BHB, PD)

Baldur Helgi fór yfir það sem hefur verið gert varðandi endurskoðun ráðningarsamninga. Hann hefur óskað eftir athugasemdum bæði frá fastráðnum starfsmönnum sem og fulltrúum eigenda félagsins. Athugasemdir hafa borist frá starfsmönnum en ekki frá fulltrúum eigenda. Ljóst er að það þarf að skýra betur ákvæði um launauppbót starfsmanna t.d. Stefnt er að því að ljúka þessari endurskoðun fyrir næsta aðalfund félagsins.

4. Staða rekstrar og framleiðslumála félagsins fyrstu 4 mánuði ársins 2019. (EG)

Egill fór stuttlega yfir stöðu rekstrar á fyrsta fjórðungi ársins, þar er ekkert sem kemur á óvart og allt lítur vel út. Starfsmenn búsinns voru 3 allt síðasta ár en hafa verið 2 frá áramótum. Aðeins hefur verið fjárfest í vélum og aðrar seldar í staðinn. Beiðslisgreinar í fjósinu voru einnig endurnýjaðir á hagstæðu verði.

Varðandi framleiðslumál þá hefur mánaðarleg framleiðsla dalað örlítið miðað við fyrstu mánuði ársins 2018, sem skýrist að einhverju leiti af minna þurrefnisáti kúnna en bústjórinn mældi að meðaltali 12 kg þurrefnisát í fyrravetur en 9-10 kg nú í vetur. Fituinnihald í mjólk mætti vera hærra og alltaf er stefnt að því að auka það. Próteininnihald er þokkalegt. Frumutalan er um og undir 100 að jafnaði sem er til fyrirmyndar. Júgurbólgutilfelli hafa verið í lágmarki það sem af er ári. Líftalan er almennt lág en þó hafa komið tvær háar mælingar, ein í janúar og ein núna í maí, en þetta eru stakar mælingar sem erfitt er að útskýra.

5. Mörkun rannsóknarstefnu fyrir Hvanneyrarbúið ehf. (BHB, PD, ÓÓG, EG)

Sjálfskipaður hópur innan Lbhí er að skoða möguleika varðandi breytingar á Hvanneyrarfjósi til þess að gera einstaklingsfóðrunarrannsóknir á nautgripum mögulegar. Nokkrir meðlimir þessa hóps, þar á meðal bústjóri, munu fara í skoðunarferð til Árósa í júní til að skoða mögulega útfærslu.

Til eru næg verkefni og margt sem þarf að rannsaka í nautgriparækt, t.d. tengt umhverfismálum, vinnumælingar o.m.fl. Tilvalið er að nýta fjósið til þess að safna hinum ýmsu gögnum og stunda rannsóknir í samstarfi við Lbhí og fleiri. Ákveðið að byrja að marka skriflega rannsóknarstefnu fyrir búið og leggja hana fyrir eigandann.

6. Önnur mál

Rætt var um loftræstikerfið í fjósinu og mögulegar útfærslur sem verið er að skoða til að bæta loftgæðin í fjósinu.

Einnig var stuttlega rætt um tíðni stjórnarfunda félagsins, stefnt á að hafa að jafnaði 3 hefðbundna stjórnarfundi á ári auk aðalfundar.

Rætt var um kosti þess að endurnýja mjaltþjóninn á búinu, nýr mjaltþjónn getur afkastað fleiri mjöltum enda orðið miklar framfarir í ásetningu og öðru. Spenuúðun er einnig mikið skilvirkari og aðgengi fyrir þjónustuaðila er betra. Það mun koma að því að endurnýja þarf mjaltþjóninn í fjósi búsins og þá þarf um leið að huga að því hvort eigi að breyta einhverju fleira í umhverfi þjónsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 15.20